

Reykjavík, 10. júní 2026

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti
Borgartúni 26
105 Reykjavík
urn@urn.is

Bls. | 1

Efni: Um töku reglugerðar (ESB) 2023/1115 (EUDR), með síðari breytingum, upp í EES-samninginn

Með tölvupósti, dags. 12. maí 2026, og í kjölfar samskipta við ráðuneytið hinn 2. júní sl., var þess óskað að SVP – Samtök verslunar og þjónustu mundu koma á framfæri sjónarmiðum þar sem til skoðunar væri að taka reglugerð (ESB) 2023/1115 (EUDR), með síðari breytingum, upp EES-samninginn.

Greining


Í tilefni af framangreindu vann skrifstofa SVP greiningu á innflutningsgögnum ársins 2025 með það að markmiði að meta möguleg áhrif reglugerðarbreytingarinnar á einstaka vöruflokka. Við greininguna var safnað upplýsingum um rúmlega 600 tollskrárnúmer sem falla undir gildissvið EUDR. Í þeirri samantekt sem birt er hér að neðan voru hins vegar aðeins tekin með þau tollskrárnúmer þar sem heildarinnflutningsverðmæti nam meira en 100 millj. kr. árið 2025 og hlutfall innflutnings frá ríkjum utan EES-svæðisins nam yfir 50%.

Niðurstöðurnar sýna að í nokkrum tilvikum kemur meira en 90% innflutnings á ákveðnum tollskrárnúmerum frá ríkjum utan EES-svæðisins, þar á meðal fyrir önnur viðarkol, spæni eða agnir úr barrviði og óbrennt kaffi.

Fyrirhuguð breyting á regluverki mun leiða til aukins stjórnsýslukostnaðar fyrir fyrirtæki sem halda áfram innflutningi frá þessum svæðum og því má gera ráð fyrir að hluti fyrirtækja leiti í auknum mæli til birgja innan EES til að draga úr umsýslu og áhættu. Slík tilfærsla gæti haft í för með sér hærri innkaupakostnað og takmarkaðra vöruframboð en ella.

Líkt og sjá má á myndinni hér að neðan eru nýir gúmmihjólbarðar fyrir fólksbíla langumfangsmesti vöruflokkurinn í verðmætum talið og nam innflutningsverðmæti frá ríkjum utan EES-svæðisins um 2,7 milljörðum kr. árið 2025. Miðað við meðalinnflutningsverð frá EES annars vegar og frá ríkjum utan EES-svæðisins hins vegar gæti kostnaður við innflutning þessarar vöru hækkað um allt að 70% ef allur innflutningur færðist yfir til EES-ríkja. Sú niðurstaða byggir á þeirri einföldu forsendu að verðmunur milli upprunasvæða haldist óbreyttur. Samkvæmt sömu aðferðafræði gæti meðalinnflutningsverð óbrennds kaffis hækkað um allt að 20% ef innflutningur færðist alfarið til EES-ríkja. Fyrir spæni eða agnir úr barrviði gæti hækkunin numið rúmlega 300% og fyrir önnur viðarkol rúmlega 70%. Þessar niðurstöður gefa vísbendingu um mögulegt umfang kostnaðaráhrifa reglugerðarinnar fyrir þá vöruflokka sem mest reiða sig á innflutning frá ríkjum utan EES-svæðisins.

Innflutningsverðmæti af vörum sem verða fyrir mestum áhrifum í millj.kr. árið 2025



Bls. | 2

Heimild: Hagstofa Íslands

Athygli vekur að fyrir mörg þeirra tollskránumera sem falla undir reglugerðina er meðalinnflutningsverð (CIF-verð á hvert kíló) lægra fyrir innflutning frá EES-ríkjum en frá ríkjum utan EES. Ekki liggur fyrir af gögnum hvað skýrir þennan verðmun. Hugsanlegt er að hann endurspegli mismunandi gæði á vörum. Jafnframt má ætla að eftirspurn eftir sumum vörum sé meiri en það framboð sem er tiltækt innan EES, sem gæti skýrt hvers vegna verulegur hluti innflutnings kemur frá ríkjum utan EES þrátt fyrir lægra meðalverð innan EES-svæðisins.

Heildarinnflutningsverðmæti (CIF) frá EES-ríkjum fyrir þau tollskránumer sem tekin voru til skoðunar nam um 63 milljörðum kr. árið 2025, en samsvarandi innflutningsverðmæti frá ríkjum utan EES-svæðisins nam rúmlega 18 milljörðum kr. Ef gert er ráð fyrir þeirri einföldu sviðsmynd að allur innflutningur frá ríkjum utan EES-svæðisins flytjist yfir til EES-ríkja, og að núverandi verðmunur milli upprunasvæða haldist óbreyttur, má áætla að heildarkostnaður íslenskra innflytjenda aukist um tæplega 3 milljarða kr. á ári.

Kaffi

Rétt er að taka fram að á vinnslutíma greiningarinnar var sérstaklega leitað eftir upplýsingum m.t.t. áhrifa á kaffi. Var það gert í því skyni að draga fram áhrifin á algenga neysluvöru sem fellur undir EUDR. Það er ljóst að flækjustig innkaupa á kaffibaunum er nokkuð hátt þar sem óbrenndar kaffibaunir eru að hluta til fluttar inn, jafnvel blandaðar hér á landi, brenndar, malaðar og að því loknu settar á markað. Í kaffipokanum getur leynst blanda af óbrenndum kaffibaunum af ólíkum uppruna, að hluta til keyptar inn innan EES-svæðisins og að hluta til utan þess. Undanfarin ár hefur staða innlendra kaupanda óbrenndra kaffibauna þróast með þeim hætti að lögð hefur verið áhersla á að kaupa töluverðan hluta af bændum í suðurhluta Ameríku og Afríku. Telja innlendu kaupendurnir litlar líkur á að seljendur muni geta staðið undir því að útvega þær upplýsingar sem innlendu kaupendurnir þurfa á að halda m.t.t. EUDR. Á sama tíma hefur eftirspurn eftir óbrenndum kaffibaunum farið vaxandi, einkum frá Asíu þar sem áhrifa EUDR gætir ekki. Því virðast miklar líkur á að íslensk innkaup af slíkum svæðum muni leggjast af og þau færast til ríkja utan EES-svæðisins. Þar með mun verð á óbrenndum kaffibaunum innan EES-svæðisins hækka.

Að lokum

Af framangreindu leiðir að vísbendingar eru um að upptaka EUDR í EES-samninginn og innleiðing hér á landi muni hafa í för með sér kostnaðaráhrif sem miklar líkur verður að telja á að rati út í almennt verðlag.

Með nokkuð einföldum hætti má gera ráð fyrir að kostnaðaráhrifin geti komið fram með tvennum hætti, annars vegar í formi aukinnar stjórnsýslubyrði og kostnaðar við innflutning frá ríkjum utan EES-svæðisins og hins vegar í formi aukins kostnaðar sem hlýst af því að viðskiptasamböndum við birgja utan EES-svæðisins verði slitið og innflutningur þess í stað hafinn frá birgjum innan EES-svæðisins. Þar sem íslenskur vörumarkaður er takmarkaður af stærð og umfangi verður að telja líkur á að hér á landi verði algengara að síðari leiðin verði fyrir valinu en annarsstaðar á EES-svæðinu.

Til að varpa ljósi á möguleg áhrif hafa SVP unnið greiningu sem leiðir fram allt að 3 milljarða kr. árlega hækkun innkaupsverðs þeirra vara sem undir EUDR falla og voru hér fluttar inn árið 2025.

Virðingarfyllst,

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Benedikt S. Benediktsson
framkvæmdastjóri